

2. fundur fjallskilanevnd
haldinn Aðalstræti 63, Patreksfirði, mánudaginn 26. ágúst 2013 og hófst
hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

María Bjarnadóttir (MB), Guðjón Bjarnason (GB), Lilja Magnúsdóttir (LI),
Indriði Indriðason (II) sveitarstjóri og Davíð Rúnar Gunnarsson (DRG)
embættismaður.

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir,

Dagskrá:

1. 1308053 - Umræða um reglur er varða fjallskil í Vesturbyggð og Tálknafirði

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða í nefndinni.

1. Nefndarmenn eru sammála um að fjárlausir landeigendur muni ekki bera kostnað af smölun, hvorki með álagningu fjallskilagjalda eða með álagningu á landverð.

2. Nefndarmenn eru sammála um að fjáreigendur sjái um að smala þau svæði þar sem þeir eiga fjárvon í samstarfi hver við annan líkt og verið hefur.

3. Sveitarfélögin/fjallskilasjóður verða að sjá til þess að skilaréttir séu tiltækar (fastar eða færnanlegar) ef ekki semst um afnot af réttum eða aðstöðu hjá landeigendum. Jafnframt þarf að leita leiða til að tryggja að óskilafé verði sótt og komið til síns heima sæki eigendur það ekki í rétt þar sem það smalast. Þeir sem ábyrgir eru fyrir smalamennsku á hverjum stað verða að láta eigendur eða fjallskilanevnd vita um aðkomufé svo hægt sé að sækja það í réttina sem allra fyrst.

4. Þau svæði þar sem enginn telur sig eiga fjárvon svo sem landið frá Sveinseyri í Tálknafirði út að Bakka sem og á fleiri svæðum, verði smöluð á ábyrgð fjallskilasjóðs. Kanna þarf leiðir til að kostnaður af þessum smalamenskum lendi á þeim sem eiga heimt fé en ekki á öllum fjáreigendum.

2. 1308025 - Önnur mál.

Æskilegt er að halda fund með fjáreigendum á svæðinu áður en smalamennskur hefjast og kynna þeim þessi atriði og fá jafnframt leitarstjóra/réttarstjóra á hvert smalavæði sem ábyrgir eru þá fyrir framkvæmd smölunar með sama hætti og gert hefur verið. Sé ekki hefð fyrir smölun á tilteknu svæði eða enginn tilbúinn til að stýra þeirri leit verður fjallskilanevnd að tilnefna leitarstjóra/réttarstjóra. Stefnt er að fundi með sauðfjáreigendum í næstu viku.

Nefndarmenn eru sammála um að kostnaður við réttir og viðhald þeirra sé greiddur af fjallskilasjóði til þess að tryggja að aðstaða sé tiltæk.

Formanni falið að skrifa bréf til Sauðfjarræktarfélags Barðastrandar og leita eftir samstarfi um færanlega rétt félagsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.16:30 .
